

52 ritað á hann á hverjum póstafræiðslu- og brjefhirðingarstað, sem pósturinn 24. maí kemur við á, hvenær hann kemur og fer og hvað sent er með honum.

5. gr.

Hinar nánari reglur um afgreiðslu á póstum og póstsendingum, svo og um reikningsskil og reikningsfærslu póstafræiðslumanna og brjefhirðingarmanna, setur póstmeistarinn.

6. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júlí 1902, og frá sama tíma eru felld úr gildi öll eldri ákvæði, sem koma í bága við hana.

Gefn út samkvæmt 27. gr. póstaganna 13. septbr. 1901 og skipun ráðgjafans fyrir Ísland.

Reykjavík, 24. maí 1902.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

53

6. maí

Auglýsing

um breyting á auglýsingu um bústaði hjeraðslækna, dagsettri 14. nóvbr. 1901.

Samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í Strandasýslu, sbr. 2. gr. laga nr. 24, 13. oktbr. 1899 um skipun læknishjeraða á Íslandi o. fl., er svo kveðið um, að bústaður hjeraðslæknisins í Strandahjeraði skuli vera í kaupúninu Hólma-
vík.

Það auglýsist hjermeð.

Reykjavík, 6. maí 1902.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.